

Fundur 7.apríl 2004

Endurrit fundargerðar stjórnar Barmahlíðar 7.apríl 2004.

Ár 2004 þann 7. apríl kom stjórn Barmahlíðar saman til fundar kl. 16:00. Einnig mætt hjúkrunarforstjóri og sveitarstjóri. Fundurinn var haldinn á efri hæð Barmahlíðar.

- 1)** Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- 2)** Brunaviðvörðunarkerfi í Barmahlíð. Búið er að setja upp nýtt kerfi. Tilboðsverð var kr. 710.000.- en endanlegt verð á kerfinu nokkuð lægra eða kr. 660.000.-. Til viðbótar kemur vinna við uppsetningu samtals kr. 637.000.-. Sveitarstjóri kynnti enn fremur tilboð frá Securitas í fjartengingu á brunaviðvörðunarkerfinu í Barmahlíð. Mánaðargjald kr. 2.997.- m.vsk. Ákveðið að láta fjartenginguna bíða um sinn.
- 3)** Verðkönnun á dagvöru. Fyrir liggur verð frá Jónsbúð, Kaupfélagi Króksfjarðar og Stórkaupum. Flutningsgjald er ekki innifalið í Stórkaupsverði. Samþykkt að beina viðskiptum til Jónsbúðar þangað til annað verður ákveðið.
- 4)** Hugsanleg orgelkaup en búið er að bjóða Barmahlíð gamla orgel kirjunnar til kaups. Hjúkrunarforstjóra falið að kanna málið frekar.
- 5)** Starfsmannamál og útleiga á íbúðum Barmahlíðar. Málin rædd.
- 6)** Barmahlíðardagur sumardaginn fyrsta 22.apríl 2004. Fyrirhuguð dagskrá kynnt.

Önnur mál :

Rætt um uppsetningu á sturtu, útilýsingu og svalahandrið.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 18:45.

Gústaf J. Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Valgerður Baldursdóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)